



Reykjavík, 4. maí 2021

Til sambandsaðila BLÍ

## 49. ársþing Blaksambands Íslands 2021

### Fundarboð

Ársþing BLÍ verður haldið **laugardaginn 5. júní næstkomandi kl. 10.00** í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fundarsal E.

Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn BLÍ minnst 21 degi fyrir þingið, þ.e. fyrir 15. maí. Tillögur skulu sendar með tölvubréfi á netfang BLÍ, [bli@bli.is](mailto:bli@bli.is).

Allar tillögur sem hafa borist fyrir þingið verða sendar út í síðasta lagi 22. maí til sambandsaðila og settar á heimasíðu Blaksambandsins. Kjörbréf fyrir þingið eru send á héraðssambönd og íþróttabandalög.

Framboðsfrestur fyrir formannsembætti og stjórnarkjör er til 22. maí og skal skila framboði á [bli@bli.is](mailto:bli@bli.is)

Þingið verður haldið í þingsal ef aðstæður leyfa en að öðrum kosti verður það rafrént. Komi til rafræns þings verður það tilkynnt með fyrirvara.

**F.h. Blaksambands Íslands**

Grétar Eggertsson, formaður BLÍ